

10. grein vefbirting

Upplýsingagjöf tengd sjálfbærni

Stefnir – Grænaval hs.

Sjóðir Stefnis hf. • SFDR vöruflokkur: 8. grein

Samantekt

Sjóðurinn tekur tillit til UFS-þátta við fjárfestingarákvarðanir með að markmiði að draga úr áhættu og skapa sjálfbæra ávöxtun til lengri tíma litið.

Sjóðurinn útilokar eða takmarkar fjárfestingar í ákveðnum geirum sem hafa skaðleg umhverfis- eða félagsleg áhrif, svo sem fyrirtæki sem taka þátt í framleiðslu, notkun eða vörslu umdeilda vopna.

Engin viðmið um sjálfbærar fjárfestingar

Þessi sjóður stuðlar að U/F einkennum en hefur ekki sjálfbæra fjárfestingu að markmiði.

U/F einkenni

Meginþættir notaðir eru eftirfarandi:

- Athugun á ágreiningsmálum, t.d. ófjárhagslegum upplýsingum varðandi útgefendur verðbréfa
- Útilokun fyrirtækja sem taka þátt í framleiðslu, notkun eða vörslu umdeilda vopna.
- Atkvæðagreiðsla á aðalfundum félaga sem fjárfest er í.
- Viðræðum við fyrirtæki sem fjárfest er í.

Sjóðurinn beitir neikvæðri skimun (fjárfestir ekki í) á kannabisframleiðslu, framleiðslu á feldi, dýratilraunir, fjárhættuspil, kola- og olíusandavinnslu, klámframleiðslu, okurlánastarfsemi og starfsemi sem brýtur í bága við grundvallarmannréttindi, s.s. þrælahald og umdeilanlega vopnaframleiðslu.

Jákvæða skimun (horft til fyrirtækja sem knýja fram jákvæða þróun í greininni og standa sig betur en jafningjar samkvæmt matsfyrirtækjum og innra mati) er notað við fjárfestingar í áfengisframleiðendum, námuvinnslu og olíuframleiðslu.

Notast er við fremst meðal jafningja (fyrirtæki sem standa sig best meðal jafningja í ESG-mælingum, samkvæmt innri mælingum og byggt á matsfyrirtækjum þriðja aðila) á dýraprófum ætluðum til lyfjaþróunar, kjarnorkuframleiðslu og tóbaksframleiðslu. Innra mat fer fram á útgáfum fyrirtækja, mismunandi breytum sem matsfyrirtæki gefa út og í sumum tilfellum samtali við fulltrúa fyrirtækja.

Nánari upplýsingar um aðferðafræðina er að finna á sjálfbærnisíðu Stefnis hér: <https://www.stefnir.is/sjalfbaerni/>. Stefna um ábyrgar fjárfestingar gildir um sjóðinn.

Fjárfestingaraðferð

Markmið

Stefnir – Grænaval hs. er blandaður verðbréfasjóður sem fjárfestir einkum í innlendum og erlendum hlutabréfum og skuldabréfum fyrirtækja sem hafa umhverfislega og félagslega þætti að leiðarljósi auk góðra stjórnarháttanna (UFS þættir). Markmið sjóðsins er þannig að skila sjálfbærri ávöxtun (e. Sustainable Investment Return) til langs tíma.

Viðmiðunarvísitala

Sjóðurinn miðar ekki að endurspegla sérstaka vísitölu.

Fjárfestingarstefna

Sjóðurinn fjárfestir aðallega í öðrum sjóðum til að auka áhættudreifingu. Fjárfestingar eru gerðar í samræmi við stefnu Stefnis hf. um ábyrgar fjárfestingar.

Afleiður

Sjóðurinn hefur ekki heimild til að fjárfesta í afleiðum. Því notar sjóðurinn ekki afleiður til að ná fram

umhverfislegum eða félagslegum einkennum sínum. Sjóðnum er þó heimilt að eiga afleiður óbeint í gegnum fjárfestingar.

Aðferð

Sjóðurinn notar útilokunarferli sem hér segir: UFS er samþætt í stefnuna með því að útiloka fyrirtæki og útgefendur vegna áhættu þeirra fyrir tiltekinni starfsemi sem hefur ekki verið valin á grundvelli UFS-sjónarmiða eins og brot UN Global Compact.

Grunnmynt: ISK.

Eignaskipting

	% af eignum
Fjárfestingar í samræmi við U/F eiginleika sjóðsins	Lágmark 90%
Uppfyllir skilyrði sjálfbærra fjárfestinga	Lágmark. 0%
- undir Flokkunarreglugerð ESB	-
- með félagslegum einkennum	-
Uppfyllir ekki skilyrði sjálfbærra fjárfestinga en er með hefur önnur U/F einkenni	Lágmark. 90%
Aðrar fjárfestingar	Hámark 10%

Eftirlit með U/F einkennum

Til að tryggja að umhverfislegum og félagslegum einkennum sé fullnægt yfir líftíma sjóðsins er UFS ferlinu hér að ofan er beitt og fylgst með stöðugt eða a.m.k. einu sinni í mánuði.

Fjárfestingarteymið fylgist með UFS einkunnum og viðeigandi greiningum sem geta verið notaðar til að breyta áhættu sjóðsins gagnvart útgefanda eða til að aðlaga UFS einkunn sjóðsins

U/F aðferðafræði

Greiningar og einkunnir

Sjóðstjórar bera kennsl á og fylgjast með þeim UFS-þáttum sem eru líklegastir til að hafa veruleg áhrif á fjárhags- eða rekstrarstöðu fyrirtækja í ýmsum atvinnugreinum. Þessir þættir fela í sér eftirfarandi U/F áhættur:

Umhverfisþættir

- Loftslagsbreytingar og útblástur gróðurhúsalofttegunda
- Eyðing auðlinda, þar á meðal vatn
- Úrgangur og mengun

Félagslegir þættir

- Vinnuaðstæður, þar með talið engin barnavinna eða þrælahald
- Heilsa og öryggi
- Samskipti starfsmanna og fjölbreytileiki

Útilokanir eru notaðar við uppbyggingu eignasafns til að útiloka fjárfestingar í fyrirtækjum og útgefendum sem eru í verulegri áhættu vegna ákveðinnar starfsemi sem er talin skaðleg umhverfinu eða samfélagið í heild.

Matíð er framkvæmt með gögnum frá þriðja aðila sem og gögnum frá viðeigandi útgefanda þegar þau liggja fyrir. Fyrirtæki eru útilokuð á grundvelli lágmarks UFS-einkunnar ytri matsfyrirtækja. Sjóðurinn leitast við að fjárfesta ekki í fyrirtækjum með lægri einkunn en B (MSCI ESG Rating) og/eða hærri áhættueinkunn en 36 (Sustainalytics ESG Risk Rating). Engin lágmarkseinkunn eru á undirbreytum, en þær stuðla að heildareinkunn útgefandans.

Gögn og gagnaúrvinnsla

Sjóðurinn notast aðallega við UFS einkunnir MSCI og Sustainalytics.

Takmarkanir gagna og aðferðafræði

Skýrslur um UFS gögn er nýtt hugtak fyrir marga, lítið er um söguleg gögn og aðferðafræði getur verið

mismunandi. Skortur á gögnum, eða ófullnægjandi gögn, getur einnig verið vandamál. Ef um ófullnægjandi gögn er að ræða geta UFS gagnaveitendur reitt sig á mat og nálganir með því að nota innri aðferðafræði sem getur verið huglæg. Gögn frá þriðja aðila geta líka verið hlutdræg eða röng.

Virkt eignarhald

Virk útfærsla atkvæðisréttar í félögum sem fjárfest er í, og þátttaka í virkum viðræðum við félög sem fjárfest er í, er innleidd í hverju tilviki fyrir sig, einkum með því að tryggja að gætt sé að hagsmunum lokafjárfestis og UFS markmiða.

Viðmiðunarvísitala (UFS)

Sjóðurinn notar ekki viðmiðunarvísitölu til að meta UFS þætti.

Hugtakalisti

U/F Umhverfis- og félagslegir þættir.

UFS (ESG) Umhverfis- og félagslegir þættir og stjórnarhættir.

UFS áhætta, sjálfbærniáhætta UFS atburður eða þróun sem getur valdið orðspors eða fjárhagslegum skaða fyrir fyrirtæki eða ríkisútgefanda.

UFS einkunn. Mælikvarði á áhættu útgefanda fyrir UFS/sjálfbærniáhættu, yfirleitt byggt á gögnum, greiningu fjárfestingarteymis og stigagjöf.

Flokkunarreglugerð ESB Opinber flokkun ESB á atvinnustarfsemi sem stuðlar að umhverfismarkmiði (svo sem að draga úr loftslagsbreytingum, vatnsvernd, hringrásar hagkerfi, mengunarvarnir eða verndun líffræðilegs fjölbreytileika). Í framtíðinni mun flokkunarkerfið innihalda starfsemi með félagsleg markmið.

útgefandi Fyrirtæki, ríkisstjórn, ríkisstofnun, ríkisstyrkt stofnun eða yfirþjóðleg eða opinber alþjóðlegur aðili sem skráir og selur verðbréf

viðmiðunarvísitala Vísitala eða samsetning vísitalna sem sjóðurinn notar til að ná eða bera saman U/F eiginleika þeirra.

SFDR Reglugerð ESB um upplýsingagjöf tengda sjálfbærni á sviði fjármálapjónustu, nr. 2019/2088.

Sjálfbær fjárfesting Fjárfesting í atvinnustarfsemi, í fyrirtækjum sem stunda góða stjórnarhætti, sem stuðlar að U/F markmiði án þess að skaða verulega önnur U/F markmið.

UN Global Compact Frumkvæði Sameinuðu þjóðanna til að hvetja fyrirtæki um allan heim til að taka upp sjálfbæra og samfélagslega ábyrga stefnu og gefa skýrslu um framkvæmd þeirra.